

Tónlist

Menntagildi og megintilgangur

Tónlistin er eitt almennasta tjáningarform mannsins. Hún snertir hið mennskasta í okkur og hefur því mikilvægt gildi í uppeldi barna og unglunga. Í gegnum tónlistina getum við upplifað merkingu og samhengi sem er þýðingarmikið fyrir manneskju í uppvexti.

Tónlist er mikilvægur þáttur í félagslegu samneyti bekkjarins og skólans. Nemendur koma saman og vinna í sameiningu á sviði tónlistarinnar. Tónlist er sköpuð af einstaklingum, í sameiningu, fyrir samfélagið. Viðfangsefni tónlistarkennslunnar nær yfir mörg samverkandi svið: Viðfangsefni sem snúa að nemanda sem einstaklingi, að bekknum sem heild og öllu skólasamfélaginu.

Það er grundvallar uppeldisfræðileg nálgun að leiðin að músíkalskri upplifun og skilningi byggji á eigin virkni við það að nemendur sjálfir æfi og spili tónlist og hlusti á flutning hvers annars. Alla skólagönguna er listræn æfing og tjáning einn af burðarásunum í viðleitninni til að skapa skóladag, skólaár og skólalíf sem veitir nemendum lífsfærni, lífsgleði og lífslöngun, bæði í uppvexti og á fullorðinsárum.

Staða tónlistar í skóladeginum og skólalífinu

Tónlistarleg færni er þjálfuð með tilliti til þroska aldurstigsins sem sjálfstæð námsgrein alla skólagönguna. Þar sem tónlist hefur beina tengingu við flest fagsvið, er tónlistarfagið einnig mótað í nánu samspili við aðra kennslu. Það felur í sér að tónlist getur verið ein af fleiri nálgunum innan ákveðinnar námsgreinar í tengslum við tiltekin þemu. Tilbrigðin í því sem bekkurinn gerir og lærir í tónlist, verður að auðlind fyrir skólann. Nemendur taka þátt í tónlistarvinnu hvers annars í gegnum tónlistarflutning fyrir skólasamfélagið. Tónlistarleg vinna bekkjarins og einstaklingsins veita þannig grundvöll fyrir ríka og fjölbreytta reynslu fyrir alla nemendur.

Tónlistarkennslan í Waldorfskólanum hvílir á fjórum undirstöðum:

Söngur: Í gegnum sönginn getur hinn einstaki nemandi kynnst eigin rödd og fjölbreyttum tjáningarmöguleikum hennar á sama tíma og hann veitir þjálfun í að finna sinn stað í músíkölskum félagsskap. Þegar söngurinn er æfður í gegnum öll skólaárin, frá einföldum fimmtóna laglínunum að krefjandi margradda kórsöng, er grunnurinn að tónlistarsögulegri menntun lagður.

Hljóðfæraleikur: Almennur grunnur er lagður með æfingum á einfaldar fimmtóna flautur fyrstu skólaárin og nokkru seinna flautur með stærra tónsvið. Að spila á blásturshljóðfæri krefst m.a. samhæfingu blásturs, tónmyndunar og stjórnar á fingrahreyfingum. Á samsvarandi hátt býður sérhvert hljóðfæri upp á ólíkar áskoranir og tjáningarmöguleika. Þess vegna er mikilvægt að kynnst ólíkum hljóðfærum, t.d. strengja-, blásturs- og ásláttarhljóðfærum, á miðstigi og unglingastigi með möguleika á þátttöku í samspili.

Tónlistarverkefni: Lögð er áhersla á listræn verkefni sem heill bekkur, fleiri bekkir eða allur skólinn taka þátt í: Stutt söngverk, dans, ópera, söngleikir, leikrit með tónlist o.s.frv.

Sviðssetning fyrir allan skólann: Regluleg þátttaka nemenda í flutningi tónlistar, og virk hlustun nemendanna á flutning annarra, gefur möguleika á alhliða tónlistarlegri reynslu í grunnnáminu.

Vinnan með tónlist á sér að mestu leyti stað í bekkjarsamhengi. Nemendur þróa hæfni og getu í gegnum æfingu og spilun með öðrum. Hæfniviðmið tengd virkri æfingu eru sett fram í samhengi við færni nemandans og getu til að taka þátt í sameiginlegri tónlistariðkun bekkjarins.

Hæfniviðmið í tónlist

4. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur:

- geti beitt röddinni á fjölbreyttan hátt í ólíkum tóntegundum og af mismunandi styrk,
- geti hermt eftir einföldum töktum og laglínunum,
- geti haldið sinni rödd í keðjusöng,
- taki þátt í fjölbreyttri efnisskrá með söngvum, rímum, fingraleikjum og dönsum,
- taki þátt í uppsetningu með söng, samspili og dansi,
- geti búið til og spilað einfaldar laglínur á hljóðfæri,
- taki þátt í að móta og flytja lítil verk með tali, söng, hreyfingu og hljóðfæraleik,
- þekki íslenska þjóðlagatónlist.

7. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur:

- geti sungið einraddað og margraddað með áherslu á inntónun, hljóm og tjáningu,
- geti sungið og spilað einfaldar laglínur eftir eyranu og eftir nótum,
- geti flutt lög og vísur, bæði gamalt og nýtt,
- geti tekið þátt í þjóðdönsum og öðrum samkvæmisdönsum,
- kunni grunnatriði tónfræði, s.s. takt, hrynjandi, dúr og moll,
- viti hvað tónbil er og þekki fjórund, fimmund og áttund,
- þekki hljóðfærin í strengja- og lúðrasveitum,
- geti rætt um laglínur, hljóm, hrynjandi, hraða og form í þeirri tónlist sem unnið er með.

10. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur:

- geti tekið þátt í upphitun og æfingum fyrir tónmyndun og hljóm,
- geti tekið þátt í samsöng laga úr fjölbreyttum tónlistargeirum og menningu,
- geti tekið þátt í samspili með söng og hljóðfæraleik,
- geti tekið þátt í flutningi á tónlist og dansi frá mismunandi tíma, ólíkri menningu og úr ólíkum geirum,
- þekki til nokkurra mikilvægra tónsmiða og dæmigerðra einkenna tónverka þeirra,
- kunni algeng hugtök og formerki í tónlist,
- þekki dæmi um algengustu tónlistarformin frá barokktímum til dagsins í dag,
- geti rætt um gildi tónlistar sem listar, listtjáningar, afþreyingar og neysluvöru.